

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR JÚPÍTERS REKSTRARFÉLAGS HF.

Miðvikudaginn 9. mars 2016, kl. 13:00, var aðalfundur Júpíter rekstrarfélags hf., kt. 520506-1010, haldinn á skrifstofu félagsins að Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015
4. Kynning á ársreikningi félagsins fyrir árið 2015 og hann lagður fram til samþykktar ásamt ákvörðun um meðferð hagnaðar ársins
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins sem löglega eru fram bornar
7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins
8. Kosning endurskoðenda félagsins
9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna
10. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl
11. Önnur mál

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. Fundarsetning

Stjórnarformaður félagsins, Óttar Már Ingvason, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórnarformaður gerði tillögu um að Jóhann H. Hafstein, meðstjórnandi í félaginu, yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um að Daníel Pálmason yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins, lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og mættir væru á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem færð 100% af hlutafé félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans væru.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015

Stjórnarformaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsári og fór yfir meginatriði úr starfsemi stjórnar og félagsins og það markverðasta sem gerðist hjá félaginu á árinu 2015.

4. Kynning á ársreikningi félagsins fyrir árið 2015 og hann lagður fram til samþykktar ásamt ákvörðun um meðferð hagnaðar ársins

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra félagsins orðið um þennan dagskrárlíð. Ragnar Dyer, framkvæmdastjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og lýsti helstu fjárhagsstærðum í rekstri auk þess sem gerð var grein fyrir rekstrarumhverfi félagsins. Fram

kom m.a. að eignir í stýringu jukust um 55% frá árinu 2014, að hagnaður eftir skatta var 83 m.kr. og að eigið fé félagsins nam 149 m.kr. í lok árs 2015. Arðsemi eigin fjár nam 125% að teknu tilliti til arðgreiðslu.

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu ársreikninginn samhljóða.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Lagt er til að greiddur verði út arður til hluthafa vegna ársins 2015 sem nemur 70 milljónum króna, eða 3,5 kr. á hlut“.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa.

Hluthafar samþykktu tillöguna samhljóða.

5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að starfskjarastefna félagsins verði óbreytt fyrir árið 2016.

Fundarstjóri las upp tillöguna og gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins sem löglega eru fram bornar

Gerð er tillaga um að gr. 1.3. verði svohljóðandi:

Heimili félagsins er að Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir sem hygðust gefa kost á sér til setu í stjórn skyldu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í félagsstjórn innan framboðsfrests:

Í framboði til stjórnar sem aðalmenn voru:

Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir, kt. 190778-5099,
Gísli Heimisson, kt. 271157-2829, og
Óttar Már Ingvarson, kt. 190571-4089.

Í framboði til stjórnar sem varamenn voru:

Einar Hugi Bjarnason hrl., kt. 161177-5129, og

Þórunn Hildur Þórisdóttir, kt. 070673-4019.

Fundarstjóri úrskurðaði að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins innan framboðsfrests væru Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir, Gísli Heimisson og Óttar Már Ingvarson sjálfkjörin sem aðalmenn í stjórn félagsins, sem og þau Einar Hugi Bjarnason og Hildur Þórisdóttir sem varamenn í stjórn, til næsta aðalfundar.

8. Kosning endurskoðenda félagsins

Þorsteinn Pétur Guðjónsson löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte var kjörinn endurskoðandi félagsins með öllum atkvæðum.

9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna

Tekin var á dagskrá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um þóknun til stjórnar:

„Aðalfundur Júpíter rekstrarfélags hf., haldinn 9. mars 2016, samþykki að stjórnarlaun á árinu 2015 taki hækkunum í samræmi við launavísitölu á árinu 2015 og skuli hækkunin gilda fyrir árið 2016, en að ekki komi til greiðslna til stjórnarmanna sem jafnframt eru starfsmenn Kviku banka hf.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

10. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni félagsins orðið um þennan lið og flutti hann skýrslu um samantekt stjórnar um hlutafjáreign í félaginu og samstæðutengsl þess, sem einnig lá frammi á fundinum í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Engar athugasemdir bárust.



11. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri Kviku banka hf., þakkaði fyrir vel unnin störf stjórnar og framkvæmdarstjóra félagsins á liðnu starfsári.

Fundargerðin var lesin upp í lok fundar. Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 13:19.


Jóhann H. Hafstein, fundarstjóri


Daníel Pálmasón, fundarritari